

Alþingi

Erindi nr. P 139/845

komudagur 9.12.2010

Til nefndasviðs Alþingis

Varðandi þingsskjal 380; 313. mál:

**Frumvarp til laga****um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld.****Umsögn Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna**

Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna (SFH) gera eftirfarandi athugasemdir við hluta frumvarpsins; nánar tiltekið *VIII kafla; Breyting á lögum nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki*. SFH gera ekki athugasemdir við aðra kafla að svo stöddu.

Varðandi breytingartillögur við kafla VII í heild:

Segja má að með þessum breytingum sé hinum árgömlu lögum nr 152/2009 umbylt í veigamiklum atriðum. Hlýtur sú mikla breyting á svo skömmum tíma að sæta nokkurri furðu í sjálfri sér. Hinsvegar felast augljósustu breytingarnar í niðurfellingu skattaafsláttá, sem háðir eru stjórnvaldsstefnu á hverjum tíma. Orkað getur tvímælis að hafa þessa afslætti inni í þessum lögum, en þó hjóta nýsköpunarfyrirtæki að ætlast til slíkra ívilnana með einhverjum hætti, sem hluta af nýsköpunarstefnu stjórnvalda. Þeim þarf því að finna stað með öðrum hætti þegar stjórnvöld telja til þess efni. Önnur meginbreyting frumvarpsins er sú að nú skal votta nýsköpunarverkefni sjálf, en ekki aðilana sem að þeim standa líkt og lögin gera ráð fyrir að óbreyttu. Þetta virðist við fyrstu sýn vera eðlilegra, þar sem fyrirtæki geta staðið í ýmiskonar starfsemi jafnframt nýsköpun.

Í heildina gera SFH einkum athugasemdir við þrjú atriði þessa VIII. kafla lagafrumvarpsins:

1. Með breytingum á 2.gr laganna er hér opnað á að opinber hlutafélög geti notið ívilnana, en það var bannað í fyrri lögum. Hér er því opnað fyrir að háskólar og aðrar ríkisstofnanir geti stofnað opinbert hlutafélag til að öðlast ívilnanir, þrátt fyrir að eiga ekki rétt til þeirra sem opinberar stofnanir. Líkur eru á að þessi leið verði nýtt af stórum ríkisstofnunum til að auka umsvif og bæta upp annað fjársveldi. Eðlilegra væri að opinberum stofnunum sem fást við nýsköpun sé tryggð sjálfstæð tekjuleið, enda er þar oft um að ræða hluta af menntastarfi eða opinberri þjónustu sem ekki ætti að blanda annarri nýsköpun með þessum hætti. SFH leggja því til að skilgreiningar gildandi laga í þessu efni standi óbreyttar, þannig að opinber hlutafélög verði áfram útilokuð frá þeim ívilnunum sem lögin veita.
2. Með takmörkunum í fyrirhuguðum 1. tölul. 15.gr (sjá gr. 46 í brtl.) er girt fyrir að nýsköpunarverkefni á byrjunarstigi, sem þurfa að sækja allt framkvæmdafé sitt til opinberra sjóða, geti notið þeirra skattalegu ívilnana sem hér er í boði fyrir stórfyrirtæki og opinber hlutafélög. Þessu mótmæla Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna harðlega. Flestir félagsmenn SFH eru einyrkjar sem hafa ekki aðrar tekjur til að koma sínum nýsköpunarverkefnum í framkvæmd en þá styrki sem þeim er úthlutað af opinberu fé, fyrir náð og miskunn samkeppissjóða. Styrkirnir eru til verkefnanna sjálfra en ekki til launa frumkvöðulsins, sem oftast leggur til vinnu sína sem mótframlag. Verkefni geta tekið nokkur ár í vinnslu, og því getur verið skattalegur hagnaður milli ára. Ekki verður við það unað að ríkissjóður taki þessa styrki tekjulítilla einyrkja til baka í formi skatta meðan stórfyrirtæki með betri aðstöðu til fjármögnunar geta notið ívilnunar að fullu samkvæmt þessu lagafrumvarpi.

Undarlegt hlýtur að teljast að á sama tíma og þessum einyrkjum er meinað um skattaívilnun á grundvelli þess að verkefni þeirra njóta opinbers fjár, er opnað á ívilnanir til stórfyrirtækja í opinberri eigu, sem undantekningarlaust eru rekin fyrir opinbert fé!

Þessu verður að breyta með einhverjum hætti í frumvarpinu, að því er varðar tekjulitla einyrkja sem eru með þessu að fórna sínum launum í þágu nýsköpunarverkefnanna. Hér er ekki gerð athugasemd við þann megintilgang greinarinnar að setja skorður við því að opinberir styrkir séu notaðir til skattalegra ívilnana hjá stórfyrirtækjum, heldur er farið fram á að t.d. sé bætt við undanþágumálgrein þar sem nýsköpunarfyrirtækjum undir tiltekinni stærð verður tryggð skattaleg ívilnun þrátt fyrir að njóta um sinn opinberra styrkja.

3. Samkvæmt breytingatillögu við 8.gr laganna (sjá gr. 41 í brtl.) er Rannís heimilt að leita til fagnefndar „sem skipuð er þremur fulltrúum með reynslu af málefnum tengdum nýsköpun. Fjármálaráðherra; iðnaðarráðherra og Samtök atvinnulífsins tilnefna fulltrúa í nefndina“. Við þetta verður að gera athugasemdir. Hér er enn á ný gengið algjörlega framhá almennum frumkvöðlum og samtökum þeirra, en slíkt er orðinn plagsiður þar sem hið opinbera kemur nálægt reglum um nýsköpun. Vandséð eru rök fyrir því að fjármálaráðherra skuli tilnefna í þennan faghóp, enda er hér um að ræða fulltrúa með reynslu af nýsköpun eins og segir í greininni. Eðlilegt væri að Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna tilnefndu fulltrúa í þessa fagnefnd, enda mun betur í stakk búin til þess faglegra en fjármálaráðuneytið, auk þess sem mikilvægt er fyrir samtökin að gætt sé réttlætis og faglegra vinnubragða við framkvæmd laganna.

Ekki verða hér raktar einstakar greinar að öðru leyti. Í heild er þessi kafli frumvarpsins ásættanlegur ef tillit er tekið til framangreindra athugasemda SFH. Þó skal bent á að sumsstaðar mætti bæta orðalag svo það verði á skiljanlegri íslensku, og til að fyrirbyggja misskilning. Það á t.d. við um 9. tölulið 3.gr, þar sem gerð er tilraun til skilgreininga á orðinu „rannsóknir“. Þar má m.a. sjá þessa illskiljanlegu setningu; „Þær ná yfir sköpun þátta í flóknum kerfum, sem nauðsynlegir eru fyrir rannsóknir, einkum almennar tæknifullgildingar....“ Engin skýring er gefin á orðskrípinu „tæknifullgilding“, hvorki í orðskýringum frumvarpsins; íslenskum orðabókum né annarsstaðar. Er því lagt til að annaðhvort verði þessum setningarbút sleppt eða fundið almennara orðalag. Viðar mætti liðka um orðfæri laganna að skaðlausu.

Ef ekki eru unnt að verða við tillögum SFH samkvæmt framangreindum töluliðum er farið fram á að nafni laganna verði breytt, og þau nefnd „Stuðningur við stórfyrirtæki í nýsköpun“, þar sem það nafn væri þá betur við hæfi.

Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna eru opin áhugasamtök starfandi frumkvöðla og áhugafólks um nýsköpun, og hefur félagafjöldi farið ört vaxandi. Mikilvægur hluti af starfsemi samtakanna er að beita sér fyrir úrbótum á starfsumhverfi frumkvöðla; þeim og þjóðinni til hagsbóta. SFH óska góðs samstarfs við stjórnvöld í því efni.

08.12.2010

---

f.h. stjórnar SFH  
Valdimar Össurarson, form.